



Eyjafjarðarsveit Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Hvammur efnistaka 2021

Málsnr.: 2106007

Skjal: 2106007-E-FKL-01

Leyfishafi:s

G.V. gröfur

kt. 500795-2479

Frostagötu 4a, 603 Akureyri

Leyfisveitandi:

Eyjafjarðarsveit

kt. 410191-2029

Skólatröð 9, 605 Akureyri

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- Deiliskipulag efnistökusvæðis í landi Hvamms ásamt umhverfisskýrslu, unnið af Teiknistofu arkitekta, gildistaka 14. júní 2016.
- Umsókn leyfishafa um framkvæmdaleyfi, eyðublað 4. júní 2021 og tölvupóstur frá Gísla Gunnlaugssyni dags. 5. júní 2021.
- Leyfi Skógræktarinnar til rjóðurfellingar á efnistökusvæði, tölvupóstur dags. 11. júní 2021.
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 16. júlí 2008.
- Umhverfisskýrsla vegna breytingar á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, unnin af Eflu verkfræðistofu, dags. 18. ágúst 2010.
- Skriflegt leyfi landeiganda vegna framkvæmdarinnar, dags. 5. júní 2021.

Útgáfa framkvæmdaleyfisins:

Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar Eyjafjarðar 16. júní 2021 er hér með veitt framkvæmdaleyfi til efnistöku í Syðri-Pollaklöpp í landi Hvamms.

Gildistími framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfið gildir til 1. september 2036.

Svæði sem framkvæmdaleyfið tekur til:

Syðri-Pollaklöpp og rasksvæði umhverfis hana skv. deiliskipulagi.

Framkvæmdartímabil:

Á ekki við.

Efnismagn:

120.000 rúmmetrar

Eftirlitsmaður framkvæmdaleyfisins:

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Útgáfudagur:

18. ágúst 2021

Undirskrift:

**Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:**

1. Framkvæmdaleyfi þetta er veitt skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
2. Framkvæmdaleyfið er bundið þeim skilmálum sem fram koma í fylgigögnum leyfisins.
3. Ef leyfishafi telur þörf á að víkja frá framkvæmdaráætlun sem tilgreind er í fylgiskjölum skal hann sækja um leyfi til þess hjá leyfisveitanda.
4. Heimilt er að rifta framkvæmdaleyfinu ef leyfishafi fer ekki að skilmálum leyfisins eða ef mótvægisáðgerðir sem fyrirskrifaðar eru skila ekki tilætluðum árangri.
5. Gildistími framkvæmdaleyfis er skilgreindur í leyfi þessu og skal frágangi að fullu lokið að þeim tíma liðnum.
6. Tæki og búnaður sem notaður er á framkvæmdarsvæðinum skal vera í góðu ástandi og með gilda skráningu frá Vinnueftirlitinu.
7. Tæki, búnaður og aðrir lausafjarmunir sem ekki eru í notkun við efnisvinnsluna skulu ekki geymdir á framkvæmdasvæðinu.
8. Umgengni um efnistökusvæðið skal vera góð og fyllsta öryggis gætt með tilliti til umferðar við efnistökusvæðið, svo sem vegna umferðar á þjóðvegi eða annarar umferðar við efnistökusvæðið.
9. Öllum lausum úrgangi sem kann að falla til vegna framkvæmdarinnar skal safnað saman á snyrtilegan hátt og fargað á viðurkenndan hátt með reglulegu millibili.
10. Efni sem numið er og unnið á efnistökusvæðinu skal rykbundið á fullnægjandi hátt meðan á vinnslu stendur.
11. Allmenn efnisvinnsla á efnistökusvæðinu skal fara fram milli kl. 7:00 og 21:00 á virkum dögum en milli kl. 10:00 og 19:00 um helgar og á frídögum.
Sérlega hávaðasöm starfsemi á borð við sprengivinnu skal fara fram milli kl. 7:00 og 19:00 á virkum dögum en ekki um helgar og á frídögum.
12. Sprengivinna skal fara fram á fyrirfram ákveðnum tíma og skulu íbúar í Hvammi og á Vöglum látnir vita hvenær sprengivinna er fyrirhuguð.
13. Verktaki skal vakta sprengivinnu með viðurkenndum titringsmælingum og fylgjast með styrk hveftrar sprengingar. Hámarksbylgjuhraði vegna sprenginga við byggingar í nágrenni efnistökusvæðisins er 30 mm/sekúndu og hámarks útslag 0,08 mm. Verktaki skal halda skrá yfir mæliniðurstöður vegna hveftrar sprengingar.
14. Leyfishafi skal láta gera ástandskönnun á húsnæði á Vöglum og í Hvammi áður en sprengivinna hefst. Niðurstöður ástandskönnunar skulu settar fram í skýrslu og skal skýrslan gera tæmandi grein fyrir sprungum og skemmdum sem sjánlegar eru á húsnæðinu.
15. Tryggja skal öryggi útivistarfólks í námunda við efnistökusvæðið á fullnægjandi hátt vegna sprengivinnu.